

Tillaga
Afgreiðsla

A 1988/UVU
Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um innviði á hættutímum (A 1988/UVU)

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að

- at óska eftir skýrslu um helstu innviðaráðstafanir sem gerðar hafa verið milli Norðurlandanna;
- at gera grein fyrir því hvort vilji sé, eftir inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í NATO, til að efla samstarf um þróun samnorrænna borgaralegra innviða vegna mögulegs hættuástands;
- at gera grein fyrir því hvernig samstarfið verður eflt og gert skipulegra bæði yfirvalda og stjórnmalafólks.

Bakgrunnur

Nú eru hættulegir tímar fyrir sameiginlegt öryggi Norðurlandanna. Forsætisráðherra og varnarmálaráðherra Svíþjóðar lýstu yfir á fundi í janúar 2024 að „Hættan á stríði er raunveruleg. Verum undirbúin fyrir það andlega. Þetta er „blóðug“ alvara“. Flokkahópur miðjumanna hefur áhyggjur af þessari þróun og vill að samstarf verði eflt vegna hennar.

Aðild Svíþjóðar og Finnlands að NATO opnar ný tækifæri til norræns samstarfs um sameiginlegar varnir. Í hagvaxtar- og þróunarnefndinni á þetta sérstaklega við um þróun borgaralegra innviða. Járnbrautir, hafnir, vegir, orkunet og stafrænar þjónustur eru algjörlega ómissandi á hættutímum. Skilaboðin frá bæði hernaðaryfirvöldum og varnarbandalaginu eru að brýn þörf sé á fjárfestingum, einkum milli Noregs, Svíþjóðar og Finnlands.

Flokkahópur miðjumanna telur augljósa þörf á norrænni ráðherranefnd um samgöngumál til að samhæfa betur þörf á samnorrænum innviðum bæði á friðar- og hættutímum. En þangað til sú ráðherranefnd hefur verið stofnuð óskar flokkahópurinn eftir greinargerð frá norrænu samgönguráðherrunum um hvort þeir vilji efla samstarf um þróun samnorrænna borgaralegra innviða fyrir hugsanlegt hernaðarlegt hættuástand, og kanni hvernig megi gera þetta samstarf skipulegra.



Sjónarmið nefndarinnar

Þingmannatillaga þessi er afar aðkallandi með tilliti til ástandsins í heiminum og er hún í samræmi við áherslur nefndarinnar í samgöngumálum varðandi græn umskipti á öllum sviðum samgangna á Norðurlöndum, samnorrænar innviðaráðstafanir og þörf á samhæfingu innviða með tilliti til aðildar allra Norðurlandanna að NATO.

Í þingmannatillögunni er fjallað sérstaklega um þörf á ráðherranefnd um samgöngumál og í þessu tilviki á það við um viðbúnað, samstarf og samhæfingu innviða milli Norðurlandanna hvort sem um er að ræða áþreifanlega eða stafræna innviði fyrir sameiginlegt öryggi á hættutímum.

Þar eð formleg ráðherranefnd um samgöngumál er ekki fyrir hendi óskar nefndin eftir greinargerð frá norrænu samgönguráðherrunum um hvort og hvernig þeir starfa saman að því að samhæfa og auka viðbúnað í umskiptum frá norrænum borgaralegum innviðum til hernaðarinnviða á hættutímum.

Nefndin ákvað á fundi sínum 27. júní 2024 að bæta við lið í upphaflega þingmannatillöguna sem hljómar svo:

Að óska eftir skýrslu um helstu innviðaráðstafanir sem gerðar hafa verið milli Norðurlandanna.

Maríuhöfn, 17. september 2024

Jani Kokko (sd)

Kim Aas (S)

Mirja Räihä (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Stein Erik Lauvås (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Markku Siponen (C)

Ann-Christine Frohm (SD)

Minna Reijonen (saf)

Erling Eidesgaard (T)a

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tor André Johnsen (FrP)